

## Samþykkt fyrir vefi og samskiptamiðla Seyðisfjarðarkaupstaðar

Aðalheiti vefs Seyðisfjarðarkaupstaðar verður „seydisfjordur.is“ en einnig er notuð skammstöfunin sfk.is.

Bæjarráð fer með málefni vefsíðna og samskiptamiðla Seyðisfjarðarkaupstaðar í umboði bæjarstjórnar.

Seyðisfjarðarkaupstaður ber ábyrgð á því efni sem birtist á vefjum og samskiptamiðlum kaupstaðarins komi til málshöfðunar vegna þeirra

Vefsíðustjóri og ábyrgðarmaður samfélagsmiðla skulu setja inn á vefinn allt það efni sem tilgreint er í ritstjórnarstefnu síðunnar og eftir því sem við á um samfélagsmiðla.

Bæjarráð ræður vefsíðustjóra sem jafnframt er ritstjóri vefsíðu kaupstaðarins. Vefsíðustjóri og ábyrgðarmaður samfélagsmiðla bera ábyrgð á að farið sé að ritstjórnarstefnu vefsíðu og samfélagsmiðla kaupstaðarins.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar mótar ritstjórnarstefnu vefsíðna og samskiptamiðla sem verður aðgengileg á vefsíðunni.

Ábyrgðarmaður vefsíðunnar er vefsíðustjóri og skal það koma fram á síðunni sjálfri. Ábyrgðarmaður samskiptamiðla er atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúi kaupstaðarins.

Komi upp álitamál varðandi aðsent efni á vefsíðu/samskiptamiðla leitar vefsíðustjóri álits bæjarráðs sem tekur ákvörðun um hvort efnið verður birt eða ekki.

Heimilt er fjölmiðlum að birta fréttir af vefsíðunni án sérstaks leyfis hverju sinni, enda verði efnið birt óbreytt og ekki lagt út af því og heimildar getið.

Samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar 11. nóvember 2015

## **Ritstjórnarstefna vefsíðu Seyðisfjarðarkaupstaðar, seydisfjordur.is sfk.is. og annarra vefmiðla og samfélagsmiðla.**

Á síðunni eru birtar upplýsingar fyrir íbúa Seyðisfjarðarkaupstaðar og aðra sem síðuna nota.

1. Upplýsingar um stjórnarsýslu kaupstaðarins, bæjarstjórn, ráð og nefndir.
2. Fundargerðir bæjarstjórnar, bæjarráðs, hafnarráðs og fastanefnda.
3. Samþykktir, reglur og tilkynningar.
4. Gjaldskrár
5. Fjárhagsáætlanir og ársreikningar kaupstaðarins.
6. Auglýsingar um fundi bæjarstjórnar og aðra opna fundi sem kaupstaðurinn heldur.
7. Eyðublöð eftir því sem við á.
8. Stofnanir og fyrirtæki kaupstaðarins og eða tenglar á vefsíður stofnana og fyrirtækja kaupstaðarins eftir því sem við á.
9. Tenglar á vefsíður stofnana vegna málefna sem tengjast kaupstaðnum t.d. varðandi öryggismál og almannavarnir.
10. Á samfélagsmiðlum kaupstaðarins verða birtar myndir, fréttir, upplýsingar og fleira fyrir íbúa Seyðisfjarðar og aðra sem þá miðla nota. Efni birtist á íslensku og ensku, eftir því sem við á.
11. Ritstjórnarstefna Seyðisfjarðarkaupstaðar á við um alla vefmiðla á vegum kaupstaðarins.

Vefsíðustjóri fylgist með upplýsingum og breytingum í stjórnarsýslu og gætir þess að þær séu ávallt uppfærðar eftir breytingar svo treysta megir að þær séu réttar.

Heimilt er að birta á vefsíðu kaupstaðarins:

1. Tilkynningar og upplýsingar um viðburði sem haldir eru í kaupstaðnum.
2. Fréttir
3. Tengla á vefsíður fyrirtækja og þjónustuaðila í kaupstaðnum.
4. Annað það sem vefsíðustjóri ákveður hverju sinni.

Fundargerðir bæjarstjórnar eru alla jafna birtar á heimasíðu kaupstaðarins annan virkan dag eftir fund. Sama gildir um fundargerðir bæjarráðs og hafnarmálaráðs. Fundargerðir fastanefnda skulu birtar að lokinni staðfestingu bæjarstjórnar.

Á forsíðu eru birtar fréttir sem vefsíðustjóri tekur saman. Fréttir og tilkynningar um viðburði svo sem fundi, samkomur, íþróttir o.s.frv. Fréttir á heimasíðunni eiga að vera áreiðanlegar og nákvæmar. Ranghermi verður leiðrétt og leiðrétting birt svo fljótt sem verða má.

Vefsíðustjóri sér um að halda vefsíðunni lifandi með nýjustu upplýsingum úr stjórnarsýslunni og með því að setja reglulega inn á hana fréttir af því sem fram fer í kaupstaðnum og eða varðar íbúa hans. Sama á við um fréttar- og tilkynningatengt efni á samfélagsmiðlana.

Um aðsent efni:

Ekki er heimilt að birta aðsent efni sem telst innihalda meiðandi eða ósæmilegt efni, eða efni sem geti talist til vansæmdar á einhvern hátt. Ekki er heimilt að birta efni sem getur flokkast sem áróður eða hvatt til fordóma gegn lífsskoðunum, trúarbrögðum, kynferðis, þjóðernis eða beinist gegn hópum, félögum eða félagasamtökum í samfélaginu né efni sem getur talist hvetja til eineltis eða ofbeldis af neinu tagi. Vefsíðustjóra er heimilt að hafna birtingu efnis, telji hann ástæðu til.

Ekki er eru birtar aðsendar greinar.

Miðað er við að aðsent efni sé birt á vefsíðunni fyrsta virkan dag eftir móttöku þess. Frá þessu getur brugðið eftir álagi vegna verkefna eða komi upp álitamál um birtingu efnis.

## Vefir og samfélagsmiðlar hjá Seyðisfjarðarkaupstað.

Facebook : seydisfjordur (Jónína Brá)

Instagram : seydisfjordur (Jónína Brá)

Twitter : seydisfjordur(Jónína Brá)

[www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is) (Eva)

[www.vistiseydisfjordur.is](http://www.vistiseydisfjordur.is) (Jónína Brá)

[www.seydisfjordurport.is](http://www.seydisfjordurport.is) (Alla)

Facebook : grunnskóli (Jóhanna)

Facebook : leikskóli (er hún til??)

Facebook : tónlistarskóli (Sigurbjörg)

Facebook : sundhöll (Gugga)

Facebook : port of seydisfjordur (Alla)